



## **34. Skotþing Skotíþróttasambands Íslands, 19. maí 2012.**

Þingið er haldið í ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

### **Fundargerð Skotþings.**

#### **1. Þingsetning.**

Halldór Axelsson, formaður Stí, setur þingið og býður þingfulltrúa velkomna svo og þá Friðrik Einarsson og Hafstein Pálsson frá framkvæmdastjórn ÍSÍ.

#### **2. Kosið í þriggja manna kjörbrefanefnd.**

Tillaga er lögð fram um eftirfarandi:

Steinar Einarsson, SFK  
Vignir J. Jónasson, SR  
Jóhann Norðfjörð, SFS

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Nefndin tekur þegar til starfa.

#### **3. Kosning þingforseta og þingritara.**

Halldór Axelsson leggur fram tillögu um Jóns S. Ólason sem þingforseta.

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Halldór Axelsson leggur fram tillögu um Kjartan Friðriksson sem þingritara.

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Jón S. Ólason, þingforseti, tekur til starfa og leggur fram tillögur stjórnar um starfsnefndir þingsins.

#### **4. Kosning fastanefnda þingsins.**

##### **a) Fjárhagsnefnd.**

Tillaga liggur fyrir um eftirfarandi:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR  
Sigurgeir Arnþórsson, ÍFL  
Bergþór Pálsson, MAV

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

## **b) Laganefnd.**

Tillaga liggur fyrir um eftirfarandi:

Halldór Axelsson, SR  
Gyða Árnadóttir, SA  
Gunnar Sigurðsson, SR

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

## **c) Alsherjarnefnd.**

Tillaga liggur fyrir um eftirfarandi:

Jón S. Ólason, SKA  
Stefán E. Jónsson, SFK  
Jóhann Norðfjörð, SFS

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

## **5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.**

Formaður sambandsins, Halldór Axelsson, flytur skýrslu stjórnar.

### **Skýrsla Stjórnar Stí 2012**

Síðasta ár hefur reynst skothreyfingunni gott á margan hátt. Lökendum hefur fjölgað úr 2618 í 3021 og árangur íþróttafólks okkar á erlendum vetvangi er sá besti frá upphafi. Frábær árangur á Smáþjóðaleikum í Lichtenstein, tryggði öllum keppendum okkar verðlaun: 2 Gull, 1 Silfur og 2 Brons. Fyrsti Íslendingurinn fór inn á heimslistann í haglagreinum, þegar að Örn Valdimarsson skaut 120 á heimsmeistaramótinu í Munchen og setti um leið Íslandsmet.

Á síðasta ári áttu Íslendingar þrjár skráningar á topp 100 í Ólympískri skotfimi: Örn í Skeet og Ásgeir Sigurgeirsson í Frjálsri- og Loftskammbýssu. Þess ber að geta að einungis eru um 100 skráð á lista í hverri grein, og er því gífurlega erfitt að komast inn á listann. Óhætt er að segja að skotfimi sé nú ein sterkasta íþróttgrein Íslendinga miðað við alþjólegan árangur.

Ein af ástæðunum fyrir þessum góða árangri, er hve miklu af fjármagni og tíma sambandsins er varið í afreksstarf. Hefur þessi áhersla sín neikvæðu áhrif, þar sem minna er til skiptana í önnur verkefni. Það er okkur mikilvægt að gleyma ekki öðrum mikilvægum þáttum íþróttastarfsins sem mun skila okkur árangri til framtíðar.

Samskipti við þau alþjóðasambönd sem að við erum aðilar að, eru með ágætum. Fulltrúar sambandsins hafa á undangengnu tímabili sótt Aðalfundi ESC og ISSF og einnig setið fundi með

NSR. Nú er einnig í undirbúningi aðild að FITASC og IPSC. Þessi þáttur í starfi stjórnar hefur farið batnandi á síðustu árum og hefur skilað okkur mun betra samstarfi við nágrannapjöldirnar og góðum tengslum tengt þjálfun og uppbyggingu.

Eitt stærsta verkefnið sem að við stöndum nú frammi fyrir eru Smáþjóðaleikar árið 2015. Undirbúningur er þegar hafinn og mun keppni í hagla- og kúlugreinum fara fram á svæði SR á Álfsnesi og keppni í Loftgreinum í íþróttahúsnæði í Laugardal. Sú vinna sem er fyrir höndum, mun krefjast mikils af stjórn og munum við leita til aðildarfélaga til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd.

Undirbúningur er einnig hafinn fyrir þjálfaranámskeið sem mun gefa réttindi til grunnþjálfunar í hagla og kúlugreinum, það er mikilvægt að þeir sem að stunda þjálfun og kennslu í skotfimi hafi vottuð réttindi, og að iðkendur geti treyst því að þeir hafi þá þekkingu sem þeir einka sér. Einnig er verið að vinna að kynningarefni fyrir allar íþróttagreinar innan STÍ sem hugmyndin er að nota við útbreyðslustarf og kynningar.

Á undanförunum árum hefur mikill tími farið í vinnu við ný vopnalög og reglugerðir. Nú hafa þessi lög verið send Alþingi til afgreiðslu og þrátt fyrir að margt sé til bóta í nýju lögunum eru þar annmarkar sem að við getum á engan hátt sætt okkur við. Eins og lögin eru framsett mun t.d. öll skotfimi með hálfsvirkum skammbyssum yfir cal. 22 leggjast af og þar með Gróf skammbysa. Það var eitt af okkar baráttumálum að halda þessum byssum innan lagarammans en með síðustu breytingum á lögunum, voru þessar byssur bannaðar.

Það sem hefur slegið okkur hvað mest í samskiptum við ráðuneyti og ráðherra er það skeytingaleysi sem okkur er sýnt, og þrátt fyrir að samskipti við ráðuneyti hafi verið með ágætum framan af, var ósk okkar um fund með ráðherra hundsud og svör við breytingartillögum voru engin. Við munum fylgja okkar málefnum eftir í alsherjarnefnd og vonum að þessar pólitísku breytingar á lögunum á síðustu metrunum víki fyrir faglegum vinnubrögðum.

Að lokum vil ég þakka stjórn og sambandsaðilum samstarfið á liðnu ári.

f.h.stjórnar STÍ, Halldór Axelsson.

## **6. Gjaldkeri leggur endurskoðaða reikninga fram til samþykktar.**

Guðmundur Kr. Gíslason, gjaldkeri sambandsins, leggur fram reikningana, sýnir þá á skjá og skýrir. Guðmundur ræðir m.a. möguleika Stí vegna styrkja og þá sérstaklega vegna Ásgreirs Sigurgeirssonar, keppanda í Loftskammbysu og Fríbyssu. Guðmundur þakkar stuðning ÍSÍ og þeim fjölmörgu sem stutt hafa við bakið á Ásgeiri að undanförunu.

Guðmundur fer yfir ýmsan kostnað við rekstur sambandsins hér heima og erlendis. Hann ræðir m.a. kostnað fyrir sambandið að ganga inn í FITASC, sem gerir sambandinu kleift að keppa í Sporting haglagreinum. Þá fer hann yfir kostnað við utanlandsferðir og þjálfun keppanda í Skeet og vegna Ásgeirs. Guðmundur greinir frá því að ferðakostnaður hafi aukist að undanförunu vegna keppnisferða en á móti komi ýmsir styrkir.

Guðmundur segir sambandið hafa verið rekið með u.þ.b. ellefupúsundkróna tapi á s.l. ári. Þá fer hann yfir eignalista sambandsins og segir engar skuldir á sambandinu og staðan sé mjög góð. Fram kemur hjá Guðmundi að mótagjöld séu að innheimtast og ekki hafi þurft að taka lán í banka á s.l. tímabili. Loks segir Guðmundur að s.l. ár komi nokkuð vel út hjá sambandinu.

### **7. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.**

Guðmundur Kr. Gíslason, gjaldkeri, leggur fram tillögu stjórnar um fjárhagsáætlun sambandsins fyrir næsta ár:

#### **Þingskjal nr. 1**

#### **Fjárhagsáætlun stjórnar 2012**

#### **GJÖLD:**

	<u>Krónur</u>
Þjálfun, kennsla, námskeið	500.000
Skrifstofukostnaður	2.750.000
Þátttaka í erlendum mótum	4.500.000
Útgáfa kynningarefnis	300.000
Annað ófyrirséð	200.000
	8.250.000

#### **TEKJUR:**

Lottó	2.400.000
Útbreiðslustyrkur	1.600.000
Ríkisstyrkur skrifstofu	2.044.240
Ýmsar tekjur	2.205.760
	8.250.000

#### **TEKJUAFGANGUR**

0

- Tillögunni er vísað til Fjárhagsnefndar sem þingskjali nr. 1.

### **8. Lagðar fram lagabreytingar sem fram hafa komið.**

Engar tillögur um lagabreytingar hafa komið fram og fellur því þessi liður niður.

### **9. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.**

Engar tillögur í þessum lið hafa borist stjórn og fellur hann því niður.

### **Þingforseti gefur Friðriki Einarssyni, frá framkvæmdastjórn ÍSÍ, orðið.**

Friðrik tekur til máls og óskar stjórn sambandsins til hamingju með góða skýrslu stjórnar og flytur þinginu kveðjur framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Friðrik segir gaman að sjá hvernig Stí vinnur og að starfið byggist upp hægt og hljótt á heilbrigðan hátt. Þá ræðir hann árangur Ásgeirs og þau vonbrigði að aðeins hafi munað einu stigi á að hann hafi komist inn á ÓL á þessu ári. Friðrik segir hins vegar að ekki sé öll nótt úti enn um að hann

komist inn á leikana. Þá tekur hann fram að Ásgeir sé ungur að árum og menn slái gjarnan í gegn þegar þeir eru eldri en hann er nú.

Friðrik segist vona að á næstu árum komi fleiri afreksmenn fram í skotíþróttinni.

Friðrik ræðir samskipti stjórnar Stí og framkvæmdarstjórnar ÍSÍ og segir þau mjög góð. Fram kemur m.a. að nú sé verið að efla samskiptin við erlend sambönd, sem sé mjög mikilvægt.

Friðrik ræðir undirbúning Smáþjóðaleikana 2015 og þá vinnu sem er framundan við þá og segist hlakka til að sjá undirbúning við skotgreinarnar.

Fram kemur hjá Friðriki að breyta þurfi viðhorfi almennings og þingmanna gagnvart skotíþróttinni og ræðir m.a. frumvarp að nýjum vopnalögum sem nú liggja fyrir. Hann segir Stí vera í sérstöðu íþróttasambanda að því leiti að sambandið þurfi sífellt að vera í tilvistarbaráttu. Friðrik segir að ÍSÍ muni aðstoða Stí og skotíþróttina í þeirra baráttumálum.

Friðrik minnir m.a. á Lottó og Íslenska getspá, sem íþróttahreyfingin þurfi að halda vel utanum og það þurfi að auglýsa þau vel hjá íþróttahreyfingunni. Hann tekur fram að það þurfi að verja þessa tekjulind þar sem sótt sé að henni úr ýmsum áttum.

Friðriki ræðir m.a. Felix-kerfið, ferðastyrki, 100 ára afmælisárs ÍSÍ og að það þurfi að efla enn frekar starfið innan íþróttahreyfingarinnar.

Þá segir Friðrik að það sé ávalt ánægjulegt verkefni að að veita fólki viðurkenningar fyrir vel unnin störf í þágu íþróttarinnar og að þessu sinni verður veitt silfurmerki ÍSÍ, Kjartani Friðrikssyni, fyrir störf hans í þágu skotíþróttarinnar og tekur hann fram m.a. að Kjartan sitji í stjórn Stí og SR.

Friðrik veitir Kjartani Friðrikssyni silfurmerki ÍSÍ fyrir störf hans í þágu skotíþróttarinnar. Hann segir Kjartan hafa starfað að málefnum skotíþróttarinnar í landinu um áratuga skeið og sé vel að viðurkenningunni komin. Hann hafi setið í stjórnnum Skotíþróttasambandsins og Skotfélags Reykjavíkur og sé enn að störfum fyrir hreyfinguna.

Að lokum óskar Friðrik Stí góðs gengis í framtíðinni.

### **Þingforseti biður Kjörbréfanefnd að gera grein fyrir störfum sínum**

Formaður Kjörbréfanefndar, Steinar Einarsson, gerir grein fyrir störfum nefndarinnar og lýsir kjörbréfin lögleg.

### **10. Þinghlé.**

### **11. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.**

Formaður Fjárhagsnefndar, Guðmundur Kr. Gíslason, gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.

Fjárhagsnefnd leggur til að fjárhagsáætlun stjórnar verði samþykkt óbreytt samkvæmt fyrirbyggjandi þingskjali nr. 1.

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

## **12. Ákvörðun á keppnisgjaldi og félagsskiptagjaldi til STÍ.**

Guðmundur Kr. Gíslason leggur fram eftirfarandi tillögu stjórnar:

Tillaga stjórnar STÍ eru um óbreytt gjöld frá fyrra ári og eins að unglingar séu undanþegnir keppnisgjaldi, og eru aðildarfélögin einnig hvött til að fella niður keppnisgjöld unglinga.

Tillaga er því um:

Keppnisgjald kr. 1,000 fyrir hvern keppanda á STÍ móti

Félagsskiptagjald kr. 3,000

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

## **13. Kosning formanns, tveggja manna í stjórn og eins til vara.**

Jón S. Ólason, þingforseti, greinir frá því að samkvæmt lögum sambandsins þurfi tilkynningar um framboð til stjórnar Stí að berast þremur vikum fyrir boðað þing.

Þau framboð sem hafa borist fyrir tilsettan tíma eru:

### **Til formanns til eins árs, Halldór Axelsson SR.**

- **Ekkert annað framboð hefur borist og er Halldór Axelsson því sjálfkjörinn formaður til eins árs.**

### **Til aðalstjórnar til 2ja ára:**

Jón S. Ólason SKA og Guðmund Kr. Gíslason SR.

- **Engin önnur framboð hafa borist og eru því Jón S. Ólason og Guðmundur Kr. Gíslason sjálfkjörnir til tveggja ára í aðalstjórn.**

### **Til varamanns til 2ja ára:**

Jórunn Harðardóttir SR.

- **Ekkert annað framboð hefur borist og er Jórunn Harðardóttir því sjálfkjörin til varamanns til 2ja ára.**
- **Þingforseti lýsir því yfir að engin önnur framboð hafa borist og eru þau því sjálfkjörin.**

Áfram sitja í stjórn Kjartan Friðriksson SR og Jóhann Norðfjörð SFS í aðalstjórn til eins árs og Sigurgeir Arnþórsson SR, sem varamaður til eins árs.

#### **14. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.**

Tillaga er um:

Sigfús Tryggvi Blumenstein, SR

Jónas Hafsteinsson, SFK

*Varamenn:*

Hermann Kristjánsson, SR

Hannes Haraldsson, SFK

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

#### **15. Kosning þriggja manna í mótanefnd Stí og þriggja til vara.**

Tillaga er um:

Örn Valdimarsson, SR

Stefán Sigurðsson, SFK

Kári Grétarsson, SÍH

*Varamenn:*

Finnur Steingrímsson, SA

Jórunn Harðardóttir, SR

Bergþór Pálsson, MAV

- **Tillagan er samþykkt samhljóða**

#### **16. Kosning þriggja manna í dómarnefnd Stí og þriggja til vara.**

Tillaga er um:

Ívar Erlendsson, SÍH

Steinar Einarsson, SFK

Guðmundur Kr. Gíslason, SR

*Varamenn:*

Halldór Axelsson, SR

Áki H. Garðarsson, SA

Ingibjörg Ásgeirsdóttir, ÍFL

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

## **17. Kosning þriggja manna í aganefnd Stí og þriggja til vara.**

Tillaga er um:

Jón S. Ólason, SKA  
Kjartan Friðriksson, SR  
Halldór Axelsson, SR

Varamenn:

Guðmann Jónasson, MAV  
Guðmundur H. Brynjarsson, SA  
Jóhann Norðfjörð, SFS

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

## **18. Kosning þriggja manna í ritnefnd Stí og þriggja til vara.**

Tillaga er um:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR  
Örn Valdimarsson, SR  
Ásdís G. Halldórsdóttir, SR

Varamenn:

Stefán E. Jónsson, SFK  
Ferdinand Hansen, SÍH  
Björn S. Guðbrandsson, SA

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

## **19. Kosning fulltrúa á ÍSí þing.**

Tillaga er lögð fram um að vísa því til stjórnar að velja fulltrúa á komandi ÍSí þing.

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

## **20. Önnur mál.**

### **Viðurkenningar.**

Halldór Axelsson veitir viðurkenningar fyrir árangur skotíþróttafólks s.l. tímabil.

Viðurkenninguna fá eftirtalin fyrir árangur þeirra á s.l. tímabili.

Sigurpór Jóhannesson í Skeet.



Örn Valdimarsson í Skeet.  
Jórunn Harðardóttir í 60skot Liggjandi Ríffill.  
Íris Eva Einarsdóttir í Loftríffli.

Guðmundur Kr. Gíslason greinir þingheimi frá hugmyndum stjórnar að breyta flokkareglum, þannig að þeir sem einu sinni nái ákveðnum flokki í skotgrein, haldi honum án tillits til þess hvort viðkomandi nái sama árangri á næsta tímabili eða ekki. Hugsunin með væntanlegri breytingu sé að tryggja þeim sem eru nýlega byrjaðir í skotíþróttum að keppa við jafningja en ekki reynda keppnismenn sem áður hafa skotið sig upp um flokka og hafa tekið sér frí í stuttan tíma frá íþróttinni, koma til keppni aftur, taka þátt og hirða verðlaun úr neðri flokkum.

Guðmundur segist varpa þessu fram til kynningar enda sé það ákvörðun stjórnar að breyta reglunum og óskar jafnframt um umræður um málefnið.

Nokkrar umræður eru um flokkareglurnar úr sal.

Halldór Axelsson tekur til máls og ræðir skráningar iðkenda skotfélagana. Hann bendir á hve mikilvægt sé skrá rétta iðkendatölu í Felix.

Nokkrar umræður eru úr sal um skráningar félagana og reglur þeirra um afskráningu þeirra félagsmanna sem ekki greiða félagsgjöld.

Halldór tekur aftur til máls og ræðir þjálfaramál og þjálfararéttindi og ræðir möguleika á útbótum í þeim efnum. Hann kemur m.a. inná að fagmennska þurfi að vera viðhöfð í allri þjálfun og bæta þurfi menntun þjálfara.

Þá ræðir Halldór dómaramál skotíþróttarinnar og þar þurfi einnig að gera úrbætur á.

Nokkrar umræður eru úr sal um þjálfun og dómgæslu, m.a. launaða vinnu við mótshald og dómgæslu. Þá er rætt um skotvopnalögin, rætt um að fjölga mótum í Grófri skammbyssu og nokkrar umræður eru um að hætta að tala um skotvopn en tala frekar um byssur og íþróttatæki í staðin. Einnig er rætt um stefnu ISSF að minnka caliberin í hinum ýmsu greinum skotíþróttanna.

Þingheimi berast SMS kveðjur frá Ásgeiri Sigurgeirssyni frá Ítalíu.

## **21. þingslit.**

Þingforseti biður formann Stí, Halldór Axelsson, að slíta þingi.

Halldór Axelsson þakkar þingheimi gott þing og lýsir þingi slitið.

---

Þingritari, Kjartan Friðriksson.

---

Þingforseti, Jón S. Ólason.